

Mánudaginn 20. mars 1989.

Nr. 104/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Ólafi Eggerti Júlíussyni.

Kærumál. Héraðsdómari vikur sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson.

Með bókun á dómþingi sakadóms Keflavíkurflugvallar 6. mars sl. kærði varnaraðili til Hæstaréttar úrskurð, sem hafði verið kveðinn upp á sama dómþingi, þess efnis að hafnað væri kröfu varnaraðila um að Þorgeir Þorsteinsson lögreglustjóri viki sæti í málinu. Kærinni var lýst með þeim áskilnaði að leyfi ríkissaksóknara fengist eftir 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Það leyfi var veitt og bærust skjöl málsins Hæstarétti í dag. Varnaraðili krefst þess að úrskurðinum verði hrundið og dæmt verði að lögreglustjóra sé skylt að víkja sæti. Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Ríkissaksóknari óskar ekki eftir að skila greinargerð í kærumálinu.

Mál þetta var fyrst tekið til rannsóknar 1982 og hefur lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli alla tíð síðan borið ábyrgð á rannsókn þess. Er rétt að hann víki sæti sem dómari eftir 36. gr., 7. tl., laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, sem hér ber að beita eftir 15. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli, Þorgeir Þorsteinsson, vikur sæti í máli ákærvaldsins gegn Ólafi Eggerti Júlíussyni.

Úrskurður sakadóms Keflavíkurflugvallar 6. mars 1989.

Ár 1989, mánudag 6. mars, er úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Keflavíkurflugvallar sem háð er á lögreglustöðinni á Keflavíkurflugvelli af Þorgeiri Þorsteinssyni lögreglustjóra.

Í sakadómi Keflavíkurflugvallar í máli þessu 10. febrúar 1989 á skrifstofu

fulltrúa embættisins, Sigrúnar Kristmannsdóttur, mætti verjandi ákærða, Garðar Garðarsson hrl., og gerði þá kröfu, að lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli viki sæti í málinu og næði sú sætisvikning einnig til fulltrúa hans.

Tildrög máls þessa eru þau að árið 1982 hófst rannsókn á ætluðu tollalagabroti Ólafs E. Júlíussonar og Guðjóns Einarssonar. Var þetta umfangsmikið mál og mikið af áfengi og varningi sem hald var lagt á vegna rannsóknar málsins.

Það sem hald var lagt á, var áfengi, tóbak, þvottaefni, verkfærakista með verkfærum í, segulbandssnældur, myndsegulbandssnældur, hljómplötur, sjónvarpsfjarstýringar, borvélar, ýmis matvæli og gosdrykkir, vasadiskótæki, músíkheyrnartæki, rakvélarblöð, leikföng, málning, þynnir, bón, sápulögur ýmiss konar, sjónvarp, grill, vídeó, magnari, útvarp, kassettutæki, segulband, tónjafnari, plötuspilari og hátalarar.

Vegna umfangs málsins þurfti að fá aðstoð frá rannsóknarlögreglunni í Keflavík og ennig frá Rannsóknarlögreglu ríkisins, enda fámennt rannsóknarlögreglulið á Keflavíkurflugvelli.

5. júlí 1983 var málið síðan sent ríkissaksóknara til meðferðar, en þá voru enn nokkur atriði til rannsóknar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

16. febrúar 1984 var málið endursent frá ríkissaksóknara og beðið um dómsrannsókn. 24. júlí 1984 krafðist verjandi úrskurðar um afhendingu muna. 18. ágúst 1984 var þeirri kröfu hafnað með úrskurði. Var þeim úrskurði ekki áfrýjað.

5. sept. 1984 var dómsrannsókn lokið að mestu leyti.

22. ágúst 1986, er bókað í sakadómi að Guðjón Einarsson geti ekki sinnt boðun þar sem hann sé á sjúkrahúsi erlendis.

29. ágúst 1986 er bókað að málið hafi dregist á langinn vegna anna dómara og vegna persónulegra ástæðna dómara. Einnig er bókað að ekki sé unnt að taka málið fyrir á næstunni.

14. apríl 1988 er málið sent ríkissaksóknara.

17. okt. 1988 er síðan gefin út opinber ákæra á hendur Ólafi Júlíussyni af ríkissaksóknara.

6. des. 1988 var ákæra birt og málið þingfest.

Þá eru einnig afhentir þeir munir sem hald var lagt á við rannsókn málsins og ekki var ákært út af. Þá kemur einnig fram krafa um það að lögreglustjóri viki sæti í málinu. 10. febrúar 1989 skilar verjandi inn bókun um það atriði. Er hún svohljóðandi:

„Sem skipaður verjandi ákærða, Ólafs Eggerts Júlíussonar, Heiðargarði 12, Keflavík, geri ég þá kröfu að hr. Þorgeir Þorsteinsson, lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, viki sæti sem dómari í máli þessu. Sú sætisvikning nái að sjálfsögðu einnig til fulltrúa lögreglustjórans.

Mál þetta hófst 29.8. 1982 (fyrir liðlega 6½ ári) með því að lögreglumenn

geystust inn á heimili ákærða vegna rannsóknar á meintum tollalagabrotum hans. Létu lögreglumenn, undir yfirstjórn lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, greipar sópa um heimili ákærða og báru úr húsi nær allt sem hönd á festi. Við yfirheyrslu gekkst ákærði greiðlega við ákveðnum tollalagabrotum, en neitaði staðfastlega öðrum sökum, sem á hann voru bornar.

Rannsókn þessa máls fór fram hjá embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og á hans ábyrgð. Er skemmst frá því að segja að öll meðferð málsins þar hefur verið með eindæmum. Ef rétt hefði verið á haldið hefði rannsókn þessa máls í mesta lagi tekið eina viku. Rannsóknaraðilar flæktu málið hins vegar með alls kyns röngum áburði (sem þeir síðar hafa þurft að draga til baka) og notuðu þær tylliástæður til að tefja málið og sinntu illa eða ekki beiðnum um rannsókn sem hefði hreinsað ákærða strax af áburði þeirra. Gekk málið svo langt að ákærði (eða umboðsmaður hans) varð sífellt að vera að reka á eftir rannsókninni, bæði skriflega og munnlega! Hefur sá eftirrekstur nú borið þann árangur, eftir allan þennan tíma, að ákærða hefur verið skilað nær öllum þeim heimilismunum og búnaði sem hald var lagt á í upphafi málsins (ranglega og að nauðsynjalausu).

Þegar í upphafi málsins var gerður áskilnaður um bætur vegna ólöglegs halds á munum ákærða. Var það ítrekað bréflega. Mun sú bótakrafa beinast að dómara og ríkissjóði.

Þá hefur verið á það bent að starfsmenn lögreglustjóra hafa verið með ýmiss konar yfirlýsingar sem eru bæði rangar og meiðandi fyrir ákærða. Auk þess hefur ekki verið unnið að rannsókn málsins í anda 138. gr. laga um meðferð opinberra mála sem er í samræmi við alþjóðlega samninga um mannréttindi sem Ísland er aðili að og hefur skuldbundið sig til að hlíta. Þá munu væntanlegar varnir ákærða í málinu m.a. lúta að meðferð málsins hjá embætti lögreglustjórans.

Vegna alls þessa er augljóst að lögreglustjóri er vanhæfur til þess að fjalla um mál þetta þar sem hætta er á að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu, sbr. niðurlag 7. tl. 36. gr. l. 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. l. 74/1974. Ef lögreglustjóri dæmdi í máli þessu væri hann að dæma í sjálfs sín sök, þar sem telja verður að hann beri ábyrgð á atferli undirmanna sinna. Er fulltrúi hans einnig vanhæfur til að dæma í málinu, sbr. 3. mgr. 37. gr. l. 85/1936. Ber lögreglustjóra því að víkja sæti, enda er það í samræmi við venju að dómari víki sæti ef fram hefur komið áskilnaður um bætur vegna meðferðar hans á máli (jafnvel þótt ekki sé um persónulega kröfu á hendur dómara að ræða).“

Það er ljóst að á máli þessu hefur orðið mikil töf, en benda má á það að málið var umfangsmikið og aðstoð þurfti til rannsóknar þess.

Samkvæmt VI. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, má leggja hald á muni vegna rannsóknar opinbers máls af þessu tagi og verður

að telja eðlilegt að slíkir munir verði hafðir í haldi þar til opinber ákæra hefur verið gefin út svo að ljóst sé hvort ákærvaldið ákæri út af slíkum hlutum.

Samkvæmt 138. gr. laga 74/1974 skal hraða meðferð opinberra mála eftir föngum, en dómari ræður gangi máls og er ekki bundinn af yfirlýsingum eða beiðnum málflytjenda.

Enda þótt meðferð þessa máls hafi tekið langan tíma eru það ekki rök til þess að dómari fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu, þannig að 7. tl. 36. gr. laga 85/1936 eigi við.

Ekki er til að dreifa venju um það, að dómari víki sæti, þó að bótakrafa sé höfð uppi gagnvart embætti, enda eru í 36. gr. l. 85/1936 tæmandi taldar ástæður fyrir því, að dómari víki sæti, og telja verður, að í kröfugerð verjanda hafi ekki verið leidd fram slík rök að valdi vanhæfi lögreglustjóra í máli þessu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa Garðars Garðarssonar hrl. f.h. Ólafs E. Júlíussonar, að lög-reglustjórinn á Keflavíkurflugvelli víki sæti í máli ákærvaldsins gegn greindum Ólafi, er eigi tekin til greina.
